



BORGARRÁÐ 29. janúar 2026: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lóðarleigusamninga á Ártúnshöfða - MSS26010158

Borgarráð samþykkir að ganga til viðræðna við lóðarhafa á Ártúnshöfða sem ekki njóta uppkaupsákvæða í sínum lóðarleigusamningum, með það að markmiði að tryggja jafnræði meðal lóðarhafa á svæðinu sem gert er að víkja í þágu uppbyggingar. Ósamræmi ríkir í lóðarleigusamningum á svæðinu þar sem sumir lóðarhafa njóta uppkaupsákvæði en aðrir ekki, einhverjir lóðarhafa fá uppbyggingarheimildir en aðrir ekki. Þeir lóðarhafa sem ekki njóta uppkaupsákvæða munu þurfa að víkja af eigin lóðum, rífa húsnæði á eigin kostnað og skila lóðum í upprunalegu ástandi. Er ljóst að fyrirkomulagið mun valda fjölda atvinnurekenda á svæðinu verulegu fjártjóni.

